



## **SJL1A07**

Námsáætlun, haustönn 2018

<b>Kennari/kennarar:</b> <b>Curver</b> <b>Kristveig Halldórsdóttir</b> <b>Hafdís Ólafsdóttir</b> <b>Þiðrik Emilsson</b>	<b>Netfang/netföng:</b> curver@gmail.com kristveig@bhs.is hafdis@bhs.is che@bhs.is
---	--

### **Lýsing:**

Kennend eru undirstöðuatriði teikningar. Farið er í grunnform teikninga, hlutateikningu, náttúruform, fjarvídd og lifandi teikningar. Nemendur þjálf hæfni sína og skilning í formfræði og litafræði. Í formfræði kanna nemendur lögmál klassískrar myndbyggingar og hugtök á borð við frumform, jafnvægi, spennu, endurtekningu, hlutbundin og óhlutbundin form, mynstur og merkingu. Í litafræði rannsaka nemendur efnis- og ljósblöndun lita, heita liti og kalda og andstæðuliti. Lögð er áhersla á að nemendur kanni áhrif lita, forma og myndbyggingar í myndlist og hvernig þeir geta nýtt sér þekkingu sína og þjálfun á ólíkum sviðum lista og hönnunar. Lögð er áhersla á að nemendur læri að hagnýta sér teikniþjálfun sína í hinum ýmsu greinum lista, m.a. með hjálp skissubóka.

### **Markmið (þekking, leikni, hæfni):**

#### **Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu aðferðum og lögmálum teikningar.
- mikilvægi teiknikunnáttu á ýmsum sviðum lista.
- gildi teikningar í hugmyndavinnu og skissugerð.
- helstu áhöldum og efnum sem notuð eru við teikningu.
- klassískum lögmálum myndbyggingar.
- hugtökum eins og jafnvægi, spennu, endurtekningu og rytma í myndbyggingu og formfræði.
- litablöndun og muninum á ljósblöndun og efnisblöndun lita.
- sálrænum áhrifum lita.

#### **Leikniviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- hagnýta helstu lögmál teikningar í myndgerð sinni.
- sýna þrívíðan skynheim á tvívíðum fleti.



- nota mismunandi aðferðir við skyggingu forma.
- nýta sér hvarfpunkta við gerð tvívíðra rýmismynda.
- nota mælingar til þess að ná réttum hlutföllum.
- byggja upp mynd með aðferðum klassískrar myndbygginar.
- raða saman formum m.t.t. myndbyggingar og sálrænna áhrifa af samspili þeirra í myndfletinum.
- raða saman formum m.t.t. myndbyggingar og sálrænna áhrifa af samspili þeirra í myndfletinum.
- blanda liti með efnisblöndun á markvissan hátt.
- velja liti í markvissum tilgangi.

### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nota teikningar markvisst við skissugerð, hugmyndavinnu og skipulagningu verka. Matsaðferð: verkefnamat.
- ræða um eigin verk, verkferli og niðurstöður með því að færa rök fyrir skoðunum sínum. Matsaðferð: frammistöðumat.
- teikna myndir af sýnilegum hlutum í umhverfinu. Matsaðferð: verkefnamat.
- vinna markvisst með liti og form við gerð eigin myndverka. Námsmat: verkefnamat.
- miðla sértækri merkingu með þekkingu sinni í lita- og formfræði. Námsmat: verkefnamat.
- greina sjónræna merkingu með tilliti til lita- og formfræði á ýmsum sviðum lista og hönnunar. Námsmat: verkefnamat.
- tjá sig um litanotkun, myndbyggingu og formfræði í eigin verkum og annarra. Námsmat: verkefnamat, frammistöðumat

### Námsmat

Frumformin	8%
Hlutateikning	8%
Náttúruform	8%
Fjarvídd	8%
Lifandi teikning	8%
Formfræði	15%
Litafræði	15%
Litur og form	10%
Skissubók	10%
Virkni	10%
	100%



### Aðrar mikilvægar upplýsingar:

**Skólasókn:** Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Gerð er lágmarkskrafa um 90% skólasókní áfanganum.

**Seinkomur og fjarvistir:** Komi nemandi of seint í kennslustund er skráð seinkoma. Tvær seinkomur jafngilda einni fjarvist. Ef liðnar eru meira en 10 mínútur af kennslustund er skráð fjarvist.

**Farsímar:** Ekki er leyfilegt að nota eða hafa farsíma uppi við í kennslustundum. Neysla matar í kennslustufunni er óheimil en leyfilegt er að vera með vatn í lokuðum ílátum. Skila þarf öllum verkefnum .

### Námsgögn:

Nauðsynlegt er að kaupa skissubók. Einnig er gott að eiga eigin blýanta t.d.B2-B4. Teiknistrokeður, tússpenna, reglustiku og nokkra liti (tréliti, tússliti).

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmatsþættir
34	20.-24. ágúst	Teikning: Frumform	
35	27.-31. ágúst	Teikning: Frumform	8%
36	3.-7. sept.	Teikning: Hlutateikning	
37	10.-14. sept.	Teikning: Hlutateikning	8%
38	17.-21. sept.	Teikning: Fjarvídd	8%
39	24.-28. sept.	Teikning: Fjarvídd	Fyrri VARDA
40	1.-5. okt.	Teikning: Náttúruform	8%
41	8.-12. okt.	Teikning: Lifandi teikning	8%
42	15.-18. okt.	Formfræði: Frumformin	Hausthlé
43	23.-26. okt.	Formfræði: Endurtekningin	
44	29.okt -2. nóv.	Formfræði: Myndbygging / jafnvægi	15%
45	5.-9. nóv.	Litarfæði: Litahringur	Seinni VARDA
46	12.-16. nóv.	Litarfæði: Heitt / kalt	
47	19.-23. nóv.	Litarfæði: Andstæðir litir	15%
48	26.-30.nóv-1. des.	Litir og form: Ljóst / dökkt	
49	3.-7. des.	Litir og form	10%
50	10.-14. des.	Námsmat og frágangur	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.